

# SAMEYKI stéttarfélag í almannajónustu

Fundargerð aðalfundar Sameykis stéttarfél í almannajón  
haldinn fimmtudaginn 28.mars 2019 kl.17:00.  
að Grettisgötu 89, 1. hæð

## Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar. Árni Stefán Jónsson.
- Ársreikningar félagsins og sérsjóða  
Þórarinn Eyfjörð og Ása Clausen
- Kosning endurskoðanda Sameykis, tveggja skoðunarmanna og tveir til vara.
- Fjárhagsáætlun næsta árs. Þórarinn Eyfjörð.
- Ályktanir aðalfundar afgreiddar. Jakobína Þórðardóttir.
- Önnur mál.

Formaður Árni Stefán Jónsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann rifjaði upp fyrri aðalfundi félaganna, 26. janúar sl. Hann skipaði Gísli Árna Eggertsson fundarstjóra og Ingibjörgu Sif Fjeldsted og Stefaníu Jónu Nielsen ritara fundarins.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn. Hann fór yfir dagskrá fundarins.

### 1. Formaður flytur skýrslu um félagsstarfið á liðnu starfsári

Árni Stefán sagði að nú er félagið Sameyki er búið að starfa í 61 dag. Árni Stefán sagði skýrslur gömlu félaganna liggja frammi í heild sinni og því yrði stiklað á stóru. Hann fór yfir aðdraganda sameiningarinnar, kosningu um hana, störf laganeftar og fleira. Haldin var nafnasamkeppni og var góð þátttaka í henni. Samið var við Brandenburg auglýsingastofu um hönnun merkis Sameykis sem nú er tilbúið.

Árni fór yfir hverjir skipa stjórn félagsins og formennsku í Vinnudeilusjóði og Orlofssjóði. Hann fór yfir hvernig vali í trúnaðarmannaráð verður háttað og að kosið verði úr þeirra röðum í 100 manna fulltrúaráð. Orlofskerfið Frímenn verður notað fyrir félagið, það var úthlutað úr því í gær, orlofsíbúðum á Spáni.

Árni fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum.

Árni nefndi starfssemi skrifstofunnar en öllum starfsmönnum var lofað áframhaldandi starfi eftir sameiningu félaganna. Hann þakkaði starfsmönnum sérstaklega fyrir þeirra vinnu á sameiningarferlinu.

Gísli Árna bauð fundarmönnum að koma með athugasemdir við skýrslu stjórnar. Enginn tók til máls og er hún því álitin samþykkt.

## 2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sérsjóða. Kynnt fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Pórarinn Eyfjörð kynnti ársreikning gamla SFR 2018. Allir sjóðir eru reknir á sér kennitölu. Starfsmenntunarsjóður var rekinn með tapi því meiri aðsókn er í nám og framboðið gott. Það þarf að rétta reksturinn af því ekki er hægt að reka sjóðinn oft með tapi. Styrktar- og sjúkrasjóður – þar hefur verið aukning á umsóknum í sjúkradagpeninga og fyrst núna hefur verið tap. Sjóðurinn stendur þó vel. Krafa er nú í kjaraviðræðum að auka framlag í sjóðinn. Pórarinn sagði að félagslegir skoðunarmenn reikninga hafi samþykkt reikningana og þakkaði hann þeim frábært samstarf.

Ingibjörg Grímsdóttir spurði af hverju fasteignir væru skráðar hjá Vinnudeilusjóði. Pórarinn sagði að það hafi verið samþykkt að sjóðurinn mætti fjárfesta í eignum fyrir 20%. Það hefur hann gert, í íbúðum í Reykjavík og á Spáni. Pórarinn sagði þessa fjárfestingu hafa reynst vel. Orlofssjóður hefur svo nýtt þessar eignir.

Gísli Árni bar reikninga SFR upp til samþykktar. Allir fundarmenn gáfu samþykki sitt.

Ása Clausen kynnti ársreikning gamla St.Rv. 2018.

Hjá St.Rv. eru allir sjóðir reknir á sömu kennitölu félagsins.

Ása útskýrði mismun á bókun fasteigna milli félaganna, munur á bókfærðu verði og fasteignamati.

Meiri rekstrarkostnaður, m.a. vegna fleiri morgunverðarfunda og funda vegna sameiningar.

Vinnudeilusjóður er rekinn undir félagssjóði. Orlofssjóður – mikil aukning var í sölu flugávisana.

Aðeins eitt hús með tekjur umfram gjöld. Mikil endurnýjun hefur verið í mörgum húsum,

rekstrarkostnaður getur því oft orðið hár. Ása útskýrði reglur Starfsmenntunarsjóðs Skýrr. Félagið

hefur greitt í hann vegna starfsmanna St.Rv. Vísindasjóður var rekinn með hagnaði. Lítil

styrktarsjóður er til, gamall sjóður sem þarf að renna til ríkisins ef hann yrði lagður niður. Tekjur hans voru áður af minningarkortum. Engar tekjur nema vaxtatekjur komu í sjóðinn árið 2018.

Gísli Árni gaf orðið laust um reikninga St.Rv.

Pétur Ásbjörnsson spurði um starfsmenntunarsjóð Skýrr. Hann er fyrrum starfsmaður Skýrr.

Hann spurði hvort greitt hafi verið í hann. Ása sagði að ekki hefur verið greitt í hann í 8 ár, það á eftir

að nafnabreyta honum. Garðar útskýrði að sjóðurinn var búinn til þegar Skýrr var einkavætt.

Ingibjörg Grímsdóttir spurði um sameiningu starfsmenntunarsjóðs og þessa styrktarsjóðs. Garðar

sagði að þessi gamli sjóður væri nýttur í að styrkja nám starfsfólks.

Sjófn spyr hversu mikið St.Rv. leggur til í Sameyki. Pórarinn svaraði því að svörin við þessu liggja í fjárhagsáætlun sem verður lögð fram á eftir.

Pétur Ásbjörnsson spurði sjúkrasjóð St.Rv. – sést hversu mikið fór úr sjúkrasjóði BSRB. Jakobína sagði að þetta kæmi fram í ársskýrslu. Ása sagði að hún hefði tekið saman tölur yfir hversu miklar tekjur og gjöld væru vegna St.Rv félagsmanna í Styrktarsjóði BSRB, tekjurnar voru 167 milljónir en útgjöldin 157 milljónir.

Augustin spurði um gjöld til BSRB og einnig um fjárfestingu Vinnudeilusjóðs St.Rv. Pórarinn sagði að þetta kæmi fram í fjárhagsáætluninni. Augustin var sáttur við að fá svör síðar.

Gísli Árni bar ársreikning St.Rv. upp til samþykktar, hann var samþykktur.

Pórarinn fór yfir árangur eignastýringar beggja félaganna árið 2018 og lagði fram fjárhagsáætlun Sameykis fyrir árið 2019. Seinni hluti ársins skilaði góðri ávöxtun, í haust var tekin ákvörðun að hætta með hlutabréf. Sameiginlegur vinnudeilusjóður eru nú tæpir 2 milljarðar og stjórn þarf að fjalla um hvernig ávöxtun skuli háttáð.

Ingibjörg Grímsd. spurði um ávöxtun hjá öðrum sjóðum eða félögum. Henni finnst þetta slöpp ávöxtun. Þórarinn sagði að félagið væri ekki í áhættuávöxtun, fjárfest er í ríkisskuldabréfum m.a. Frá hruni hefur verið sú stefna að vera með sem minnsta áhættu.

**spurt** var hvort Arion hafi undanfarin ár staðið sig síst. Íslensk verðbréf hafa staðið sig vel sagði Þórarinn. Garðar Hilmarsson sagði að 2018 var dapurt ár í ávöxtun, líka hjá lífeyrissjóðum.

### 3. Kosning skoðunarmanna skv. 7. gr.

Tilnefndir eru:

Rögnvaldur Dofri Pétursson - löggildur endurskoðandi Sameykis

Einar Andrésson - aðalmaður

Birgitta Vigfúsdóttir – aðalmaður

Inga Lára Pétursdóttir - til vara

Ásdís Hrund Þórarinsdóttir - til vara

Ása spurði hvort það væri hlutverk aðalfundar að velja endurskoðanda félagsins. Gísli Árni sagði það vera svo skv. lögum félagsins. Athugasemd kom að leita ætti tilboða um endurskoðun.

Gísli spurði hvort aðrar tilnefningar væru vegna endurskoðenda eða skoðunarmenn reikninga. Svo var ekki. Spurt var hvernig þeir væru valdir. Árni Stefán sagði að allir fyrrum skoðunarmenn gefa ekki lengur kost á sér. Valið var vandað meðal félagsmanna, skrifstofa og stjórn sáu um það. Árni Stefán útskýrði að þessi endurskoðandi hafi hingað til séð um endurskoðun hjá SFR. Það var talið mikilvægt að löggiltur endurskoðandi þekkti til starfseminnar til að fylgja nýju félagi.

Gísli Árni bar þessa fulltrúa upp til samþykktar í einu lagi – Það var samþykkt af öllum fundarmönnum.

### 4. Fjárhagsáætlun næsta árs.

Þórarinn Eyfjörð kynnti fjárhagsáætlun Sameykis fyrir árið 2019.

M.a. þarf að gera ráð fyrir fjárhæð í kynningarmál, nýjan vefmiðil, merki félagsins og kynningar, 25 milljónir kr.

Spurt var um framlag til lífeyrisdeildar, hvort 4 milljóna króna framlag væri nóg fyrir stóra deild.

Þórarinn sagði þetta bara áætlun og lífeyrisdeildin væri í góðu samstarfi við félagið og ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því.

Gísli Árni bar fjárhagsáætlun félagsins upp til samþykktar. Hún var samþykkt.

### 5. Ályktanir aðalfundar

Sjá fyrir neðan

Allar ályktanir voru lesnar upp og umræður voru á eftir.

### 6. Önnur mál, sem fram koma á fundirnum

Ína tók til máls, hún var með tillögu um að lýsa yfir andstöðu við frumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á ákvæðum um hatursorðræðu í almennum hegningarlögum. Fundurinn skorar á ríkisstjórnina að draga frumvarpið tilbaka.

Sólveig útskýrði að rökin séu að það þyki flókið að beita lögum gegn hatursorðræðu og tekur undir að þessi ályktun verði samþykkt.

Gísli bar ályktun upp, 2 voru á móti

Pétur Karlsson spyr um vegna kjarasamninga sem renna út um helgina, hvenær verður launaskriðstrygging greidd.

Árni Stefán sagði að aðilar sem koma að því funduðu í vikunni. Sveitarfélagastarfsmenn fá launaskrið upp á 1,5% en ríkisstarfsmenn eru í mínus 0,6%. Það verður ekki dregið af þeim. Það næst ekki um næstu mánaðamót en ætti að koma um þarnaestu mánaðamót. Hins vegar er hugmynd þeirra að fara með þetta inn í kjarasamningana. Spurt var hvort þessi mínus myndi koma til frádráttar ef samið verður um 2% launahækkun í kjarasamningum. Nei, þetta er bara jafnað í útreikningum á launaskriðstryggingum.

Árni Stefán bað um leyfi fundarins til að kalla til fráfaraandi skoðunarmenn reikninga. Þeim voru þökkuð vel unnin störf og afhentar gjafir og blóm.

Þær eru: Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Ína Halldóra Jónasdóttir, Kolbrún Hauksdóttir og Sigríður Jakobsdóttir.

Gísli Árni bar upp erindi frá stjórnarmanni, Gunnari Rúnari Matthíassyni. Hann gerir athugasemd við að aðeins sé einn maður í stjórn St.Rv.

Tillagan hljóðar svo:

„Stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar skal skipuð þremur stjórnarmönnum sem kosnir eru til þess af stjórn Sameykis, stéttafélags í almannabágu. Skulu þessir þrír stjórnarmenn koma úr röðum þeirra félagsmanna Sameykis sem áður tilheyrðu StRv og jafnframt vera stjórnarmenn í Sameyki og bera ábyrgð til stjórnar Sameykis“.

Gísli Árni sagði þetta mjög snúið og erfitt.

Sjöfn stakk upp á að þetta yrði skoðað af núverandi stjórn Sameykis og leitað lögfræðilíts. Árni Stefán var með sömu tillögu

Gísli Árni stakk upp á að fundurinn vísi þessu til stjórnar Sameykis til skoðun og leiti fulltingis lögfræðinga. Fram kom að Garðar Hilmarsson var sammála þeirri tillögu.

Ína þakkaði fyrir sig, komin á þriðja tug ára sem hún hefur unnið að málefnum SFR. Þakkaði samferðarmönnum samstarfið.

Gísli Árni þakkaði fyrir sig og fól formanni að slíta fundinum.

Árni Stefán þakkaði fundarriturum og fundarstjóra góðan fund.

Þetta er góður áfangi, fyrsti aðalfundur Sameykis gekk vel.

Fundi slitið kl. 20:23

# Drög að ályktunum framhaldsaðalfundar Sameykis

28. mars 2019

## Skattkerfið og ójöfnuður

Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannabjónustu vill brýna ríkisstjórnina til þess að vinna að því að skattkerfið sé nýtt sem jöfnunartæki. Aðalfundur Sameykis hafnar þeirri leið sem ríkisstjórnin hyggst fara, með því að láta lækkun skatta ganga upp allan launastigann. Fundurinn leggur áherslu á að fjármagnið sem sett verður í skattalækkanir sé fyrir lág- og millitekjuhópa. Aðalfundurinn skorar einnig á ríkisstjórn Íslands að taka auðlegðarskatt upp að nýju og innheimta sambærilegan skatt af fjármagnstekjum og innheimtur er af launum landsmanna. Þessir tveir þættir í skattheimtu geta leiðrétt til muna þann eigna og tekjuójöfnuð sem hefur myndast í þjóðfélaginu.

Garðar S. breyta orðalagi, setja punkt og 3. setning byrji: Fundurinn.... Bryngeir – leiðrétt, Ragnheiður – millitekjuhópar bera oft mikla skattbyrði, vill bæta þeim við.

Ingibjörg – af hverju sættum við okkur við að tala um lægst launuðu hópana, á ekki að tala um að launin dugi fyrir framfærslu? Jakobína minnti á kröfu í ályktun frá fyrri aðalfundi sem tók á þessu. Spurt var hvað eru mannsæmandi laun?

Þorsteinn Stefánsson – lína um skattakerfi og ójöfnuð, vill hana ekki inni. Einhverjir eiga einhvern smá sparnað og eiga ekki að þurfa að greiða háan fjármagnstekjuskatt af sparifé. Bryngeir sagði hugmyndina að baki þessu vera þá að þetta ætti að vera af háum fjármagnstekjum.

Gísli Árni bað fundarmenn að taka sér matarhlé og höfunda þessarar tillögu að fara yfir hana.

## #Metoo

#Metoo byltingin hefur skilað tímabærri vitundarvakningu um skaðsemi og útbreiðslu misréttis, kynbundins áreitnis, kynferðislegs áreitnis og ofbeldis, bæði á vinnumarkaði og í einkalífi. Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannabjónustu krefst þess að atvinnurekendur grípi til aðgerða til að útrýma þeirri meinsemd sem áreitni og ofbeldi er í heimi vinnunnar. Núgildandi reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum leggur ríkar skyldur á herðar atvinnurekenda um að fyrirbyggja og stöðva slíkt. Atvinnurekendur skulu axla ábyrgð sína með því að, innleiða áætlanir í samræmi við lagaskyldu sem og standa fyrir öflugum forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum. Þar með komumst við nær því að ákall kjarkmikils fólks um bætt samfélag verði að veruleika.

Pétur Karlsson spurði hvort #höfumhátt byltingin sé gleymd – Gísli svaraði því að alltaf koma nýjar hreyfingar sem vekja athygli. Sólveig sagði að #höfumhátt hafi verið undanfari #Metoo. Ína Jónasd. spyr hvort skora eigi á ríkisstjórnina að draga frumvarp til baka sem á að leyfa hatursorðræðu. Sjöfn bendir á að ályktunin heitir #mettoo og er um það, ef það á að álykta um eitthvað meira þá er það efni í nýja ályktun.

Gísli tók undir að hatursumræða eigi ekki að leyfast og það kalli jafnvel á nýja ályktun.

Gísli bar ályktunina upp með smávægilegri orðabreytingu um „ákall kjarkmikils fólks“ og var hún samþykkt.

## Kjör aldraðra og öryrkja

Samkvæmt stjórnarskrá Íslands **og mannréttindasáttmálum** eiga allir að vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti. Í lögum um málefni aldraðra segir að við framkvæmd þeirra skuli þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

Það er ekki boðlegt að **öldruðum** og öryrkjum **sé** skammtaður framfærslulífeyrir sem er undir lágmarkslaunum og þeim gert að lifa undir fátæktarmörkum sem er algerlega óásættanlegt og stjórnvöldum þessa lands til háborinnar skammar. Það ætti að vera forgangsverk stjórnvalda að útrýma fátækt á Íslandi en ekki að **viðhalda fátækt á kerfisbundinn hátt**. Aðalfundur Sameykis krefst þess að dregið verði verulega úr tekjutengingu almannatrygginga og **greiðslna úr lífeyrissjóðum**. Það er grundvallaratriði að lífeyrir tryggji elli- og örorkulífeyrisþegum mannsæmandi lífskjör. Einfalda þarf almannatryggingakerfið og hafa það skilvirkara og notendavænna.

Pétur Karlsson fagnar að vitnað sé í stjórnarskrá, spyr hvort horft hafi verið á mannréttindasáttmála þegar þessi ályktun var samin, má bæta við í fyrstu setningu um mannréttindasáttmál.

Árni sagði að ályktun þarf að vera trúverðug og hægt að rökstyðja, það eru ekki allir aldraðir sem hafa það skítt.

Sjöfn tók undir að það eru ekki allir aldraðir á sama bát. Bætti við um stjórnarskrárumræðu að við erum eina landið í Evrópu sem er með fyrstu stoðina lífeyrisgreiðslu tryggingastofnunar og skerðum krónu á móti krónu.

## Stytting vinnuvikunnar

Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu brýnir samningnefndir Sameykis til þess að standa fast á kröfunni um styttingu vinnuvikunnar í 35 stundir í dagvinnu og að vinnuvika vaktavinnufólks verði 80% af vinnutíma dagvinnufólks án launaskerðingar. Rannsóknir sýna að styttri vinnuvika leiðir til aukinnar ánægju í starfi og aukinna afkasta. Stytting vinnuvikunnar leiðir einnig til bættrar heilsu og aukinnar vellíðunnar fólks, minnkar líkur á kulnun í starfi og stuðlar að auknu jafnrétti kynjanna.

Samþykkt einróma

## Ályktun til ríkisstjórnar Íslands og borgaryfirvalda í Reykjavík.

Aðalfundur Sameykis stéttafélags í almannaðjónustu skorar á Ríkisstjórn Íslands og Borgarstjórn Reykjavíkur að banna Airbnb og sambærilega leigustarfsemi í miðborg Reykjavíkur eins og hefur verið gert í nokkrum borgum í Evrópu. Þar sem mikill skortur er á íbúðarhúsnæði í miðborginni annars vegar og hins vegar hefur hótelum fjölgað, er ekki jafn rík þörf fyrir Airbnb eða sambærilega starfssemi lengur.

Jón Bergvinsson segir að þetta eigi ekki heima á borði stéttarfélags.

Hrafnhildur vill að það komi fram að það er búið að samþykkja þak á fjölda slíkra íbúða í miðborginni.

Sólveig tekur undir að þessu sé vísað frá.

Gísli bar það undir fundinn að þessari ályktun verði vísað frá, samþykkt einróma.